

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 22. september 2009

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Lovísa Hafsteinsdóttir.

1. Undirbúningur námskynninga

Skólayfirvöld veittu leyfi síðastliðið vor til að kynna FFA á námskynningarfundum. Kynningin undirbúin. Jana mun senda niðurstöður í tölvupósti til stjórnar. Jóna Guðrún mun útbúa eyðublað til að foreldrar geti skráð sig og senda í tölvupósti til stjórnar.

2. Nýtt fyrirkomulag

Ákveðið var að foreldrar/forráðamenn nemenda í 6. og 7. bekkjar muni halda utanum jólaföndrið og kaffisöluna því tengdu. Foreldrar/forráðamenn nemenda í 10. bekk munu halda utanum söluna á hettupeysum á hverju hausti. Þá munu foreldrar/forráðamenn í 4. og 5. bekk sjá um páskabingóið. Þetta fyrirkomulag verður kynnt á félagsfundinum næstkomandi mánudag.

3. Hettupeysur

Hafdís er búin að fá tilboð í peysur hjá nokkrum fyrirtækjum. Skoða þarf vandlega verð og gæði. Málið í skoðun.

4. Næsti fundur

Ákveðið var að hittast nk. sunnudag kl. 12.00 heima hjá Jönu til að undirbúa félagsfundinn á mánudaginn nk.

5. Breyting á dagskráráætlun FFA 2009 – 2010

Þar sem ákvörðun um námskynningarfundum barst mjög seint frá Akurskóla var nauðsynlegt að breyta tímasetningu á fyrsta félagsfundum. Þar af leiðandi var einnig nauðsynlegt að breyta öðrum áætlunum auk þess sem í ljós kom að nokkrir fundir stönguðust á við dagatal skólaársins.

Dagskrá FFA veturinn 2009 - 2010

Mánud. 28.sept.	Fyrsti félagsfundur FFA, almenn kynning á fundarsköpum og fyrirkomulagi. Skipað í nefndir.
Þriðjud. 27.okt.	Almennur félagsfundur og auka-aðalfundur. Kosið í fagráð, skólaráð og kosning skoðunarmanns reikninga
Miðvikud.25.nóv.	Almennur félagsfundur - ýmis verkefni rædd og undirbúin, m.a. jólaföndur. Áætlað erindi/heimsókn
Föstud. 4.des.	Jólaföndur
Mánud.11. jan.	Almennur félagsfundur - fræðsluerindi og almenn fundarsköp
Þriðjud. 9.febr.	Almennur félagsfundur
Miðvikud.10.mars	Almennur félagsfundur - undirbúningur vegna páskabingós
Föstud. 19.mars	Páskabingó
Fimmtud. 15.apríl	Almennur félagsfundur. Áætlað erindi/heimsókn
maí	Undirbúningsfundur stjórnar og fagráðs vegna aðalfundar
Þriðjud. 11.maí	Aðalfundur FFA

Hver nefnd heldur sína undirbúningsfundi eftir þörfum.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir